

full sönnun fyrir því, að áfrýjendur þessa máls, Kaupmannahafnarfirmað O. Wathnes Arvinger og administratorar þess firma hafi eigi verið eigendur eigna þeirra, er kyrsetningin 30. maí 1911 fór fram í, og voru þeir því ekki bærir að krefjast breytinga, hvorki á gjörð þessari né hinum áfrýjaða dómi, og ber því að sýkna hina stefndu af kröfnum og kærum áfrýjanda og staðfesta hinn áfrýjaða gestaréttardóm. Það þykir rétt að áfrýjandi greiði hinum stefndu í málskostnað fyrir yfirdómi 80 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á óraskaður að vera. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi, yfirréttarmálaflutningsmaður Magnús Sigurðsson, fyrir hönd h/f. O. Wathnes Arvinger í Kaupmannahöfn og Kr. Bergs, fyrir administratorana í því hlutafélagi, hinum stefndu G. Gíslason & Hay 80 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 27/1912

Réttvísinn
gegn
Hjálmarí Þorgilssyni.

D ó m u r:

Hinn ákærði, Hjálmar Þorgilsson bóndi á Hofi á Höfðaströnd, var fyrir aukarétti Skagafjarðarsýslu saksóttur

fyrir þjófnað, og féll dómur aukaréttarins í sakamálinu hinn 28. júní þ. á., á þann veg, að ákærði var sýknaður af ákæru sóknarans í málinu, en honum var gert að greiða allan af málinu og varðhaldi hans leiðandi kostnað, þar með taldar 8 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda í héraði, Jóns hreppstjóra Jónssonar á Hafsteinsstöðum. En þessum dómi hefir verið skotið til yfirdómsins eftir kröfu hins ákærða.

Seint í septembermánuði í fyrrahaust rak ákærði um 50 kindur til Hofsóss til slátrunar; við slátrunina kom það í ljós, að ákærði átti ekki 2 af kindunum, hvítan lambhrút og mórauðan lambhrút, er annar var eign Rögnvaldar Jónssonar en hinn Páls Erlendssonar. Um lambhrút Rögnvaldar hefir ákærði eigi gefið aðra skýrslu en þá, að hann hafi af vangá eða í misgripum lent í sláturfé sínu, og er hann varð þess var, lét hann kalla Rögnvald til og afhenti honum afurðir lambsins, sem þá var búið að slátra, og virðast þeir þá hafa samið þetta mál með sér. Af skýrslum málsins verður það eigi séð, hvernig þessi lambhrútur hafi lent í fé ákærða. Með tilliti til hins lambsins, mórauða lambhrútsins, sem reyndist eign Páls Erlendssonar, hefir ákærði haldið því fram, að lamb þetta hafi hann fengið hjá Sveini bónda Sveinssyni í Garðshorni og borgað verð fyrir, en að hann hafi aldrei athugað eyrnamark á því, en lambið var með marki Páls Erlendssonar. Það er nú og sannað í málinu, að ákærði hafði nokkru áður en hann rak féð til slátrunar, keypt »vonina« í mórauðum lambhrút hjá nefndum Sveini Sveinssyni; í fyrstu rétt þar á eftir afhenti síðan Sveinn ákærða mórauðan lambhrút, og staðhæfir ákærði að þetta sé sama lambið og það, er við slátrunina reyndist að vera eign

Páls Erlendssonar og honum var þá afhent. Það er að vísu nokkuð ósennilegt að ákærði, er tjáist að vera fjárglöggur maður, hafi vilst svo á þessum tveim lambhrútum, eins og hér hefir verið frá skýrt, en gegn eindreginni og staðfastri neitun hans hefir það eigi orðið sannað, að hann hafi kastað eign sinni á lömbin með vitneskju um, að þau væru lögleg eign annara manna, og verður eigi frekara staðhæft í þessu efni, en að meðferð hans á greindum kindum hafi stafað af vangá.

Þar sem það ennfremur við rannsókn máls þessa hefir komið fram, að nóttina milli 12. og 13. okt. 1910 hurfu 8 kindur úr vörzlum sambylismanns ákærða og að grunur hefir fallið á ákærða um að vera valdur að hvarfi þessara kinda; að Þorsteini Ólafssyni þurrabúðarmanni á Hofsósi hafi sama haustið horfið blámerkt kind, og að ákærði hafi hinn 18. okt. þá um haustið lagt inn til kaupfélags Skagfirðinga kindargæru merkta með dökk-ljósbláum vatnsfarfa; að Geirfinnur Trausti Friðfinnsson bóndi á Hólum hafi haustið 1908 fundið trippi, er var hans eign, meðal hrossa, sem ákærði rak til markaðs á Grafarós, og að haustið 1910 hafi horfið 2 kindur úr bæjarrekstri, er kom að Hofi, — þá er það ekki gegn neitun ákærða sannað með hinum ítarlegu prófum málsins, að ákærði hafi verið valdur að áminstu kindahvarfi, að hann hafi lagt inn nefnda blámerkta kindargæru, eða að hann hafi kastað eða ætlað að kasta eign sinni á áminst trippi.

Samkvæmt því, sem hér hefir verið tekið fram, verður að fallast á það, að ákærði, sem eigi hefir áður verið ákærður né sætt refsingu, er með hinum áfrýjaða dómi sýknaður af ákæru sóknarans í þessu máli. Eftir öllum málsatvikum þykir eigi rétt að leggja sakarkostnaðinn á

ákærða, er hafður var í varðhaldi nær mánaðartíma meðan á rannsókninni stóð, sbr. lög 28, 26. okt. 1893, 8. gr., og verður því að greiða hann allan af almanna fé, þar með talin málsvarnarlaun í héraði 8 kr., og málflytningu-kaup til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 15. kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og málfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Akærði, Hjalmar Þorgilsson, á að vera sykn af ákæru sóknarans í þessu máli. Allur sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir yfirdómi greiðist af almanna fé, þar með talin málsvarnarlaun í héraði til Jóns Jónssonar á Hafsteinsstöðum 8 kr., og málflytningu- laun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfir- réttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gislasonar, 15 kr. til hvors þeirra.

Nr. 29/1912:

Eggert Claessen fyrir hönd
hins danska steinolfuhlutafélags
gegn
Jóni kaupmanni Árnasyni.

Dómur:

Með bréfi dags. 29. jan. þ. á. synjaði vörumerkja-